

Annar fundur stjórnar foreldrafélags Kelduskóla mánudaginn 2. september

Annar fundur nýrrar stjórnar Kelduskóla fyrir skólaárið 2013-2014 haldinn í Vík. Fundur hófst kl. 20. Gestir á fundinum voru Ingi frá félagsmiðstöðinni Púgyn og Kristín Halla Þórisdóttir deildarstjóri unglíngadeildar.

Stjórn

Tekist hefur að fullmanna stjórnina sem telur þá eftirfarandi:

Olga B. Gísladóttir formaður

Kristín J. Valsadóttir gjaldkeri

Kristín Lóa Ólafsdóttir ritari

Haraldur Rafn Ingvason röltstjóri og meðstjórnandi

Ásta Herdís Hall (meðstjórnandi)

Sigríður Hálfðánar (meðstjórnandi)

Sigríður K. Ingvarsdóttir meðstjórnandi

Guðbjörg Halldórsdóttir (varamaður)

Sigríður Eva Friðgeirsdóttir (varamaður)

Bekkjarfulltrúastarfið

Getur verið erfitt að fá forráðamenn í bekkjarfulltrúastarfið. Rætt um að það væri ekki vænlegt til árangurs að pína foreldra í starf bekkjarfulltrúa. Best yrði að koma upp kerfi strax í 1. bekk, þannig að allir verði að taka þátt eitthvern tíma yfir grunnskólagöngu barnanna sinna.

„Samhristingur“

Rætt um að bæði í Hagaskóla og Hamraskóla er „samhristingur“ forráðamanna nemenda í upphafi vetrar, fara í leiki og spjalla saman. Ákveðið að vera með „samhristing“ forráðamanna þeirra barna sem byrja í unglíngadeild í haust. Ingi kom með hugmyndir t.d. „Speed date“ eða „Línu“ þar sem forráðamenn þurfa að giska á hvar þeir eiga heima, aldurslega í línunni. Ingi mun sjá um að undirbúa hitting og koma með hugmyndir að dagskrá.

Rætt um hvernig hægt yrði að hvetja forráðamenn til að mæta á „samhristing“. T.d. hringilína, þ.e. bekkjarfulltrúar og tveir í hverjum bekk tækju að sér að hringja út og hvetja.

Bekkjarkvöld

Í rauninni er það skylda forráðamanna hvers barns að mæta á bekkjarkvöld. Umsjónarkennari mun sjá um skipulagningu bekkjarkvölda fyrir jóla og bekkjarfulltrúar eftir jóla. Bekkjarkvöldin fyrir jóla, þ.e. sem kennarar halda utan um þar er haldið eitt kvöld- einnig fyrir samkennslubekkina en bekkirnir halda svo sín eigin bekkjarkvöld eftir áramót. Mælt með að halda fyrri kvöldið um miðjan nóvember og svo seinna bekkjarkvöldið í byrjun febrúar.

Setja inn hugmyndabanka fyrir bekkjarkvöld á heimasíðuna.

Böll og opið hús

Böll á vegum Félagsmiðstöðvanna eru í skólunum, rúlla á milli. T.d. verður ball í Rimaskóla 20. September nk. Böllin eru frá 20-23. (8.,9. og 10. bekkur eru saman á böllum).

Rósaball í október í Korpuskóla, ekki komin dagsætning. Ingi mun í vetur senda pósta á foreldra félagið þegar böll eru á næsta leyti.

Facebook

Tillaga að setja upp facebook síðu foreldrafélagsins sem allir forráðamenn hafa aðgang að, t.d. til að minna á foreldrarrölt o.fl.

Félagsmiðstöðvarnar eru að stofna síður á facebook. Verða lokaðar síður. Fengu gagnrýni fyrir að vera með myndir á heimasíðunni sem er opin öllum.

Opið hús hjá Púgyn

Þátttaka á opin hús er mest hjá 8. bekkjum. Rætt um það hvort hvetja ætti bekkjarfulltrúa til að hafa samband sín á milli, þ.e. á milli skóla og bekkja.

Viðburðir yfir veturinn (aðrir en bekkjarkvöld)

Stjórnarmeðlimir taka að sér að halda utan um einn viðburð yfir veturinn. Tveir með hvern viðburð. Þrír foreldrar utan stjórnar buðust til að taka þátt (Inga Dóra, Rósa og Gulla). Um er að ræða sex viðburði.

Haustbingó (Dags. 2. október Vík og fimmtudaginn 3. október Korpa (ath dags breytt síðar í 15 og 16.okt). Utanumhald: Inga Dóra og Guðbjörg)

Jólaganga (dags. fimmtudaginn 12. Desember. Utanumhald: Kristín V. og Gulla)

Vöflukaffi/Jólafondur (Utanumhald Rósa og Eva)(skólinn ákveður dags.)

Öskudagur (5. mars Kristín Lóa og Haraldur)

Páskabingó (Dags. : miðvikudaginn 9. apríl Vík og fimmtudaginn 10. apríl Korpa. Utanumhald: Ásta og Sigríður H)

Vorhátíð (Dags.:28. maí. Utanumhald: Sigríður Ingvars og Olga)

Helmingur af bingóspjöldum er í Vík og helmingur í Korpu. Ekki hægt að halda sama dag vegna þess. Umræða um það hvort hægt yrði að halda bingóin á sama stað ,t.d. í Korpu því þar er hægt að opna úr sal inn í íþróttahúsið. Ákveðið að það yrði líklega of stór viðburður.

Í tilkynningu verður gefið út að hægt verði að velja um að fara í bingó óháð því hvaða skóla barnið er í. Hægt að mæta á báða viðburði.

Tillaga stjórnar er að alltaf sé tekin saman skýrsla eftir hvern viðburð, stjórnarmaður í viðkomandi viðburði sér til þess að það sé gert og skilar henni til stjórnar.

Röltið

Félagsmiðstöðvarnar hafa verið að röлта á föstudagskvöldum í tengslum við opið hús og böll á þeirra vegum. Eru nú hætt því vegna peningaskorts.

Rætt um það hvort röltið sé úrelt fyrirkomulag. Ákveðið að halda því áfram. Ef opið hús eða böll eru í gangi þarf að röлта. Röltið hefur líka þann tilgang að foreldrar hittist. Rætt fram og til baka um fyrirkomulagið. Tillaga að röltarar úr unglingadeildarbekkjum hittust við Bláu sjoppu í upphafi röltis. Egilshöll- líklega ekki þörf á að röлта þangað.

Spurning um það hvernig eigi að halda utan um þetta. Hugmynd um að það yrði einn röltstjóri í hverjum bekk og þá þyrftu þeir ekki að taka þátt í að undirbúa aðra viðburði yfir veturinn. Allir sammála um að gott að vera áfram með bakpokann- hann er tenging við að fólk verði að fara og röлта og skila honum svo áfram til næsta hóps.

Líklega er til nóg af vestum, þarf að athuga.

Önnur mál

Allir stjórnarmeðlimir verða boðaðir á fundi en varamenn hafa val um að mæta nema þeir séu sérstaklega beðnir um það.

Fyrirspurn kom um það hvort ætti að vera með bekkjarfulltrúamöppur, kaupa þá nýjar hjá Heimili og skóla. Ákveðið að gera það ekki, hægt að fletta upp á netinu og sækja þar hugmyndir fyrir bekkjarkvöld o.fl.

Agakerfið: Uppeldi til Ábyrgðar. Rætt um það hvort ætti að nota hluta af þeim sjóði sem félagið á til að borga námskeið fyrir forráðamenn. Upprifjun á agakerfinu mætti senda á forráðamenn. Fylgjast með þegar auglýstir eru styrkir. Kynlífsfræðslan var flott, gott að hafa t.d. á 2 ára fresti. Rætt um það að hafa t.d. fyrirlestur um vímuefnanotkun eða netnotkun þess á milli.

Innheimta á félagsgjöldum að fara í gang. Sendur er einn gjaldseðill þegar fleiri en eitt barn er á heimili.

Allir stjórnarmeðlimir fá aðgang að gmail (foreldrafelag.kelduskoli@gmail.com)

Ákveðið að fundargerðir fari einungis inn á heimasíðu skólans.

Fundi slitið kl. 22:20